

33. karateþing Karatesambands Íslands **16. febrúar 2020**

1. Þingsetning

Reinhard Reinhardsson, formaður KAÍ, setur þing kl. 10.09.

Lögmæti þings:

- Þingið skal árlega haldið í janúar eða febrúar: *16. febrúar 2020*
- Skal boða það með auglýsingu og/eða tilkynningu með eigi minna en eins mánaðar fyrirvara: *tölvupóstur 15. janúar 2020*
- Þá skal stjórn KAÍ tilkynna sambandsaðilum dagskrá þingsins ásamt tillögum og lagabreytingum sem borist hafa í síðasta lagi 14 dögum fyrir þingið, sem síðara fundarboð: *tölvupóstur 3. febrúar 2020*

2. Kosnir fastir starfsmenn þingsins.

Þingforseti: Ævar Austfjörð

Þingritari: María Helga Guðmundsdóttir

Þingforseti og þingritari kjörin með lófataki.

3. Kosnar fastar nefndir, skipaðar 3 mönnum hver

1. Kjörbréfanefnd

1. Þorsteinn Yngvi Jóhannsson
2. Helgi Jóhannesson
3. Ólafur Helgi Hreinsson

2. Fjárlaganefnd

1. Gaukur Garðarsson
2. Halldór Stefánsson
3. Rut Guðbrandsdóttir

3. Laga- og leikreglanefnd

1. Helgi Jóhannesson
2. Halldór Valek Jóhannsson
3. Ólafur Helgi Hreinsson

4. Allsherjarnefnd: engar almennar tillögur liggja fyrir.

5. Kjörnefnd

1. Pétur Freyr Ragnarsson
2. Magnea Rós Axelsdóttir
3. Sigþór Samúelsson

4. Skýrsla stjórnar

Formaður gefur skýrslu fyrir hönd fráfarandi stjórnar. Viðburðaríkt ár er að baki, og ber þar hæst Smáþjóðamótið sem haldið var í Laugardalshöll í september. Alþjóðlegt keppnisstarf í íþróttinni hefur verið heltekið af baráttu um Ólympíusæti í Tókýó árið 2020. Þar sem aðeins 80 keppendur komast þar að (sbr. við um 1100 þátttakendur á heimsmeistaramótum) ákvað Karatesambandið að taka ekki þátt í slíkum undirbúningi, enda okkar bestu keppendur í ca. 50.-100. sæti á heimslista. Formaður leggur áherslu á mikilvægi þess að félög byggi upp dómara innan sinna raða, því dómaraekla hefur sett sitt mark á mótahald á árinu.

Kjörbréfanefnd hefur lokið störfum. 20 þingfulltrúar eru skráðir á kjörbréf

Félag	Fjöldi fulltrúa
Karatedeild Fjölnis	1
Karatefélag Vestmannaeyja	1
Fylkir	2
Karatefélag Akureyrar	1
Afturelding	4
Breiðablik	4
Karatefélag Reykjavíkur	6
Karatefélagið Þórshamar	1
Samtals	20

5. Ársreikningur

María Jensen, gjaldkeri KAÍ, leggur fram endurskoðaða reikninga sambandsins til samþykktar (fylgiskjal 1). Einnig fer hún sérstaklega yfir kostnað vegna Smáþjóðamótsins. Rekstrartap á árinu voru 118.545 krónur.

Eftirtalдар spurningar voru bornar upp:

Þorsteinn: Hver var nettóniðurstaða af Smáþjóðamótinu?

María J: Tekjur: 3,6 milljónir í tekjur, 7,9 milljónir í gjöld. Nettó 4,3 milljónir í tap.

Anna María: Hver er munurinn á sjúkrakostnaði og heilbrigðisteymi?

Reinhard: Sjúkrakostnaður er kostnaður þegar iðkandi slasast. Heilbrigðisteymi eru medicar á mótum.

Anna María: Borgum við 230 þúsund kr á ári fyrir Sportdata?

Reinhard: Við borgum gjald fyrir hvert mót.

Þingforseti ber reikninga upp til samþykktar. Reikningarnir eru samþykktir samhljóða.

Ávarp gesta

Hafsteinn Pálsson frá framkvæmdastjórn ÍSÍ ávarpar þingið, ber því góðar kveðjur forseta, framkvæmdastjórnar og starfsfólks ÍSÍ og óskar KAÍ til hamingju með glæsilegt starf sem hann hefur fylgst með um árabíl. Hafsteinn leggur áherslu á mikilvægi fjármögnunar íþróttastarfs gegnum Íslenska getsþá. Einnig kynnir hann vinnu ÍSÍ út frá #MeToo-hreyfingunni og nýundirritaðan samning við samskiptaráðgjafa hjá Domus Mentis, óháðan aðila sem hægt er að leita til ef vandamál koma upp. Í ár er Ólympíuár og vonir standa til að fleira íslenskt íþróttafólk muni vinna sér inn keppnisrétt á komandi ári.

Hafsteinn óskar þinginu farsældar í störfum og góðs karateárs.

Helgi Jóhannesson heiðraður

Helgi Jóhannesson er heiðaður með gullmerki Karatesambandsins að tilefni þess að 20 ár eru síðan hann öðlaðist dómarréttindi á vettvangi Evrópska karatesambandsins.

6. Fjárhagsáætlun

Formaður leggur fram fjárhagsáætlun fyrir næsta ár fyrir hönd stjórnar (sjá fylgiskjal).

Áætlað er að KAÍ hafi rekstrartekjur upp á rétt rúmar 27 milljónir króna og að rekstargjöld séu tæpar 24,5 milljónir. Afgangur verði um 2,6 milljónir, sem er nauðsynlegt eftir tvö ár með neikvæða rekstrarafkomu sem hefur gengið mikið á sjóði sambandsins. Raunveruleg eign sambandsins í reiðufé var 23 krónur um áramótin 2019/20.

Fjárhagsáætlun er vísað til fjárlaganefndar til frekari umfjöllunar. Formaður biðlar til fjárlaganefndar að hafa í huga að sambandið þurfi að eiga sjóði í lok árs til að standa

straum af verkefnum í upphafi árs, svo sem Reykjavíkurlaikum og Evrópumóti ungmenna.

7. Laga- og leikreglnabreytingar

Ein tillaga að leikreglnabreytingum frá stjórn liggja fyrir þinginu.

Tillaga 1: Reglur um þjálfun keppenda yngri en 14 ára.

Tillögunni er vísað í laga- og leikreglnanefnd, sem og afreksstefnu sambandsins.

8. Aðrar tillögur og mál

Engar aðrar tillögur eða mál liggja fyrir.

9. Málum og tillögum vísað til nefnda til umfjöllunar.

– Þ I N G H L É –

10. Nefndarálit og tillögur og atkvæðagreiðslur um þær.

10.1 Fjárlaganefnd

Gaukur Garðarsson formaður nefndar kynnir niðurstöður.

Fjárhagsáætlun

Engar breytingar á tekjuáætlun, gert ráð fyrir 27.050.000 kr. tekjum.

Breytingar á kostnaði v/mótahalds, hækkað upp í 3 milljónir úr 2,5 milljónum.

Kostnaður við heilbrigðisteymi var aukinn úr 200.000 kr upp í 300.000 kr til samræmis við umsókn okkar til Afrekssjóðs ÍSÍ.

Gert er ráð fyrir hagnaði upp á 2 milljónir í stað 2,6 milljóna.

Þingforseti ber fjárhagsáætlun undir atkvæði. Fjárhagsáætlun með breytingum er samþykkt samhljóða.

10.2 Laga- og leikreglnanefnd

Helgi Jóhannesson formaður nefndar kynnir niðurstöður.

Afreksstefna

Eina tillagan til breytinga er að Ólympíuleikum æskunnar 2022 verði bætt við á lista verkefna.

Þingforseti ber afreksstefnuna undir atkvæði. Afreksstefnan er samþykkt samhljóða.

Tillaga að reglum um þjálfun keppenda undir 14 ára aldri

Lagt er til að 6. grein verði notuð sem inngangur að reglunum, frekar en að vera sérstök grein innan þeirra.

Nefndin var ekki sammála um 3. grein. Nefndarformaður les greinina upp. Helsti ásteytingarsteinninn var orðalag um að þjálfari mætti eingöngu ræða við keppanda á meðan yame er.

Formaður KAÍ kynnir forsögu málsins. Um er að ræða þýðingu og staðfæringu á sænskum keppnisreglum, sem formaður KAÍ og formaður dómara nefndar KAÍ höfðu frumkvæði að eftir að hafa haft reynslu af þessum reglum á sænsku móti.

Ólafur Helgi: Hvernig er það hjá Svíum, er þessum reglum beitt á sömu mótum og reglum fyrir 14 ára og eldri? Er áberandi munur á framkvæmdinni/regluverkinu milli þessara aldursflokka? Værum við að búa til reglur ofan í reglur? Eru reglur nú þegar til staðar til að takast á við þessi vandamál?

Reinharð: Áhrifin leita upp, fólk hagar sér eins gagnvart eldri keppendum og það gerir þegar það þjálfar yngri keppendur.

Þorsteinn: Annars vegar má bara tala meðan yame er, hins vegar hvenær sem er. Breytist það?

Reinharð: Það breytist lítið. Að mín mati er hlutverk þjálfara er ekki að þjálf keppandan á vellinum heldur að standa vörð um að ekki sé brotið á keppanda m.t.t. reglna.

Halldór Valek: Þetta er spurning um velferð. Ættu þessar reglur ekki frekar að eiga við fyrir öll yngri en 18 ára?

Ólafur Helgi: Þetta eru flottar reglur ef farið er eftir þeim. Ég kom með tillögu um að segja “þjálfari ... á að tala við keppanda sinn á meðan yame er”, frekar en „eingöngu“. Spurning hvort það þurfi að setja reglur um tímalengd yame.

Það er líka eðlilegt að þjálfarar stoppi af foreldra og aðra sem kalla inn á völlinn, til að takmarka áreiti á sína keppendur.

Halldór Valek: Þetta orð eingöngu, önnur þæling. Getum við haft þetta sem viðmið til reynslu í 1–2 ár og séð hvernig gengur? Það eru einstaka þjálfarar sem missa stjórn, en hér er e.t.v. verið að refsa öllum fyrir vikið.

Helgi: Ég hef dæmt í mörg ár og fundið fyrir breytingum undanfarið varðandi kumitehlutann. Það er skortur á virðingu. Virðingarleysið er orðið mjög mikið kumitemegin. Virðing þjálfara og foreldra fyrir reglum er orðin allt of lítil. Þetta er stór þáttur í þessu. Ég er sammála Halldóri Valek, það er erfitt að fá svona reglur á sig ef maður telur að maður fari eftir settum reglum. Við dómaramenn notum kannski ekki hörðustu refsingarnar, reynum að láta leikinn flæða og dæma stig frekar en refsingar. Fulltrúar félaganna þurfa að fara heim og ræða þessi mál. Jafnvel þegar þjálfarar eru reknir frá velli glotta þeir og eru með látalæti, eða setja óskráðan þjálfara í boxið, fara upp í stúku og gala inn. Við höfum ekki heimild til að reka áhorfendur út úr húsi, svo hvað er til ráða?

Þess vegna finnast mér þessar reglur finar. Keppnin snýst ekki um það hver er besti þjálfarinn, heldur hver er besti keppandinn.

Halldór Stefáns: Stundum skiptir máli að geta komið litlum skilaboðum til keppenda.

Ólafur Helgi: Karatesambandið hefur aganefnd. Hún hefur sem betur fer lítið haft að gera. Síðustu tvö mál á voru á síðasta ári og sneru að hegðun þjálfara á mót. Við erum með fína WKF-umgjörð og við erum með yngri keppendur sem eru framtíðin. Við erum með reglur til staðar sem eru fínar. Þessi tillaga er vel uppsett.

Grace: Ég er ný í þessu m.v. marga en hef verið í mótanefnd í 1,5 ár. Mér finnst ekki alveg eðlilegt að finna til kvíða um leið og maður er að sinna starfi sínu. Ég held að það sé nauðsynlegt að fá þessar reglur, því ég held að það breyti miklu þegar hegðun er ekki í lagi. Það verða líka að vera almennilegar refsingar þegar fólk gerir eitthvað sem er óleyfilegt. Ég vil sjá að eitthvað sé gert í því um leið og það gerist.

Sigbór: Það er ákaflega dapurlegt að við séum að ræða þetta. Við höfum séð gersamlega óviðeigandi hegðun þjálfara. Þessar reglur eru nauðsyn.

Halldór: Eigum við þá ekki að fara alla leið og taka upp námskeið og skírteini fyrir þjálfara líka?

Þorsteinn: Þetta snýst um að krökkum líði vel í sportinu sínu og komi heil til baka. Orðið “eingöngu” er nauðsynlegt því það er kjarninn í reglunum. Ég legg til að við setjum þessar reglur og þær verði endurskoðaðar eftir tvö ár. Við breytum 6. greininni og gerum hana að inngangi. Ég held að fyrstu tvær setningarnar í 4. gr. eigi líka að vera forsendur fyrir reglunum og fari í inngang.

Arnar: Velferð er líka á meðan leik stendur. Það er nauðsynlegt að geta komið upplýsingum áleiðis til keppenda á meðan á leik stendur, til að hjálpa þeim að skilja leikinn betur og fyrirbyggja slys.

Anna Olsen: Stundum hristi ég höfuðið yfir þessum stöðugu hrópum. Ég myndi ekki vita hver væri að kalla á mig. Í gær var troðfullt hús, mikil þrengsl, fuglabjarg. Þetta hlýtur að vera stressandi, sérstaklega fyrir yngstu keppendurna. Þetta er mismunandi milli þjálfara, ég á við viðstöðulaust tal. Þetta þarf líka að vera hluti af þjálfuninni. Við verðum líka að koma þessum skilaboðum til þjálfara í okkar félögum.

Ólafur Helgi: Það þegja allir þegar kata er. Af hverju eru ekki læti þá? Þetta er bara heilbrigð skynsemi.

Þingforseti þakkar fyrir umræðurnar og vísar tillögunni til stjórnar til frekari úrvinnslu.

10.3 Kjörnefnd

Tilnefnd í stjórn:

- Reinhard Reinhardsson, formaður
- Elías Guðni Guðnason
- Rut Guðbrandsdóttir
- María Jensen
- Ævar Austfjörð

Tilnefnd í varastjórn:

- Hafþór Ómar Sæmundsson
- Magnea Rós Axelsdóttir
- Sigþór Samúelsson

Tilnefnd í aganefnd:

- Pétur Freyr Ragnarsson, formaður
- Birkir Jónsson
- Ólafur Helgi Hreinsson
- Willem C. Verheul
- Ragnar Eyþórsson

Varamenn í aganefnd:

- Ævar Autfjörð
- Grétar Örn Halldórsson
- Vicente Carrasco

Tilnefndir skoðunarmenn reikninga:

- Haukur Jónsson

- Þorsteinn Yngvi Guðmundsson

11. Önnur mál.

11.1. Stækkun keppnishópa landsliðs

Sigþór: Fyrirkomulag varðandi stækkun keppnishópa landsliðsins erlendis. Orðalagið var þannig að krakkar þyrftu sjálfir að sjá um ákveðinn hluta af skipulaginu, t.d. að bóka hótél. Mér finnst að landsliðið ætti að sjá alveg um að bók

11.2 Þátttaka félaganna í starfi KAÍ

Ólafur Helgi: Ég vil benda á alvarleika þess hversu lítinn þátt félögin taka í starfi KAÍ. Félögin verða að virkja iðkendur og foreldra til að taka meiri þátt í starfi KAÍ.

11.3 Dómarastörf

Helgi: Ég þakka heiðurinn sem mér var sýndur hér áðan. Nú eru þrjú ár síðan ég hætti í dómaranefnd. Ég hef lítið um málin að segja en hef fengið þann heiður að halda dómaranámskeið hér á Íslandi. Við vorum kortér frá því að geta ekki haldið tvo velli í gær í kumite. Það er ykkar ábyrgð, forráðamanna félaga. Tíu félög voru skráð til keppni í gær. Átta félög kepptu bæði í kata og kumite, eitt í kata og eitt í kumite eingöngu. Sjö félög skráðu dómara. Sex félög áttu dómara í kata, fjögur félög dómara í kumite. Við eigum fleiri tugi dómara í hvorri grein.

Það var frábær þátttaka á síðasta dómaranámskeiði í kata, sextán þreyttu próf og sex þreyttu próf í kata. Vandinn er kumitemegin. Undanfarin ár hafa sjö, þrettán og tólf manns mætt á dómaranámskeið, að meðtöldum meðlimum í dómaranefnd sem mæta á öll námskeið. Af hverju er þetta? Er umhverfið orðið þannig að fólk vill ekki dæma kumite frekar en að láta öskra á sig? Flaggadómararnir heyra alveg ágætlega hvað sagt er um þá, bæði af þjálfurum og öðrum. Með þessu framhaldi verður flott katakeppni og kumite bara á einum velli. Það var ekki fyrr en dómaranefnd hafði samband við dómara sem voru ekki skráðir að það náðist að fylla upp í tvo velli.

Við erum að brjóta eina aðalregluna, um hluta eftirlitsdómara, kansa. Á erlendum mótum eru reyndustu dómararnir í hlutverki aðaldómara og eftirlitsdómara. Hér heima erum við að notast við katadómara sem eftirlitsdómara. Með fullri virðingu fyrir þeim verðum við að endurskoða þetta. Það verður sífellt erfiðara að manna kumitehlutann á hverju einasta móti.

Þegar ég fékk nóg fyrir tveimur árum sendi ég inn tillögu um að það væri skilyrði fyrir að fá keppnisrétt að hafa réttindadómara. Það var mikil og góð umræða en hún var snarfelld. Á tveimur árum hefur ekkert breyst.

Mótanefnd verður líka að fara eftir settum reglum, sem heimilar refsingar ef félög senda ekki einn réttindadómara per fimm keppendur. Í gær hefði mátt refsa a.m.k. fjórum félögum fyrir að senda ekki réttindadómara í kumite.

Það sem verra er: að standa á vellinum í 2-3 klukkustundir án þess að fá neina hvíld býður upp á að dómaraar geri mistök.

Opnað fyrir umræðu:

Anna María: Ánægð með tilhögun um opnar landsliðsferðir, vill undirstrika mikilvægi þess að upplýsingar liggi fyrir.

Halldór V: Hvenær var fjársektum síðast beitt fyrir?

Reinhard: Það var fyrir þremur árum. Félögin eru það fjárhagslega sterk að þau eru fegin að geta borgað skylduna af sér.

Ólafur Helgi: Flytjum inn dómara á kostnað félaganna. Þetta er mjög alvarlegt. Mér fannst alveg út úr kortinu að tillaga Helga var felld niður á sínum tíma. Við aðal- dómaraarnir sem mætum núna erum ekki eilífir í þessu. Ég ætlaði sjálfur að hætta þegar Helgi fór. Það getur vel verið að maður hverfi frá út af þessu.

María Helga: Ég tel fulla ástæðu til að innheimta sektir, fyrst dómaraar eru ekki að skila sér. Mætti taka upp stighækkandi sektir og setja fjármunina jafnvel í sjóð til að kaupa inn erlenda dómara?

María Jensen: Sama vandamál með starfsmenn og dómara. Sum félög senda alltaf starfsfólk, en önnur senda engan. Við verðum að vinna saman að því að halda mótin.

Þorsteinn: Ég velti því fyrir mér af hverju þetta er. Fjölni hefur gengið ágætlega að útvega starfsfólk á mótin. Kosturinn er að geta leitað í foreldra. Í síðustu viku varð ég að senda út póst sem ég hef aldrei þurft að senda út áður og skikka foreldra til að vera starfsmenn eða útvega starfsmenn. En þegar kemur að því að leysa sértækari verkefni eins og að stjórna tölvukerfinu, þá þarf að þjálfra fólk svo það treysti sér.

Annað er varðandi dómara, sérstaklega í kumite. Eitt sem við gerum er að fá krakka til að vera aðstoðarþjálfaraar svo þau hangi inn á viðkvæmum aldri. Er þetta kannski leiðin til að halda í þau sem hafa aldur til að taka dómaraaréttindi í kumite, þótt þau langi ekki að stunda íþróttina?

12. Kosning stjórnar, varastjórnar og skoðunarmanna reikninga.

Úr lögum KAÍ: Skal kjósa bundinni leynilegri kosningu, formann fyrst, síðan meðstjórnendur, sem skipta með sér störfum. Kjósa skal 3 menn í varastjórn og taka

Þeir sæti í stjórninni ef aðalmaður forfallast og koma inn í sömu röð og þeir voru kosnir.

Tilnefnd í stjórn:

- Reinhard Reinhardsson, formaður
- Elías Guðni Guðnason
- Rut Guðbrandsdóttir
- María Jensen
- Ævar Austfjörð

Tilnefnd í varastjórn:

- Hafþór Ómar Sæmundsson
- Magnea Rós Axelsdóttir
- Sigþór Samúelsson

Skoðunarmenn reikninga:

- Haukur Jónsson
- Þorsteinn Yngvi Guðmundsson

13. Kjörnir 5 menn í aganefnd og 3 til vara.

Aganefnd:

- Pétur Freyr Ragnarsson, formaður
- Birkir Jónsson
- Ólafur Helgi Hreinsson
- Willem C. Verheul
- Ragnar Eyþórsson

Varamenn:

- Ævar Austfjörð
- Grétar Örn Halldórsson
- Vicente Carrasco

14. Val fulltrúa á Íþróttaping.

Vísað til stjórnar.

15. Þingslit.

Reinhard Reinhardsson formaður slítur þingi kl. 12:54 og þakkar fyrir umræðurnar. Stjórnin muni hafa þær að veganesti fyrir árið, yfirfara reglugerðarbreytinguna og afreksstefnuna.

Ævar Austfjörð, þingforseti

María Helga Guðmundsdóttir, þingritari